

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 1. september 2020
Mnr. 2012120018



ÍSAFJARÐARBÆR

Greinargerð með breytingartillögum á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar

9. gr. Tekið er út „heimild til að boða með rafrænum hætti“. Ekki nauðsynlegt að taka fram þá heimild.
10. gr. Greininni breytt þannig að það sé skýrt að skrifleg tilkynning eða fyrirspurn þarf að berast í síðasta lagi kl. 12:00 þann dag sem boðað er til fundar, sem er í samræmi við vinnuregluna.
- Einnig er tekið út að skylt sé að senda fundargerð síðasta fundar með fundargögnum, enda er það úrelt ákvæði, þar sem fundargerðir eru birtar á heimsíðu Ísafjarðarbæjar. Ekki er um lagaskyldu að ræða.
- Tekið út „heimilt er að senda gögn til bæjarfulltrúa með rafrænum hætti“. Sömu rök eiga við hér og varðandi 9. gr.
14. gr. Fjarfundabúnaður var nýttur við fundahöld sveitarfélagsins á meðan samgöngutakmarkanir vegna Covid-19 voru í gildi. Reynslan sýndi að best fór á því að ef halda ætti fjarfund að allir kjörnir fulltrúar þyrftu að vera í fjarfundabúnaði. Undantekningu mátti gera varðandi starfsmann nefndar/ritara sem gat mætt í fundarsal og stýrt upptökubúnaði.
- Forsætisnefnd er þar af leiðandi sammála því að víkka heimild til að nýta fjarfundabúnað til funda, í samræmi við 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga, þó aðeins þegar brýna nauðsyn ber til s.s. vegna sóttvarna eða mikilla samgöngutruflana, eins og snjóflóðahættu eða ófærðar á stóru svæði.
- Forsætisnefnd var þó sammála um það að ekki skuli víkka heimildina þannig að einstakir bæjarfulltrúar geti óskað heimildar til að vera í fjarfundabúnaði á fundum, vegna fjarlægðar við fundarstað, veikinda eða annarra ástæðna. Þá skuli frekar boða varamann.
- Í frumvarpi með sveitarstjórnarlögnum er nokkuð góð útlistun á heimildinni og takmörkunum hennar, en þar kemur m.a. fram að ákvæðið verði ekki nýtt til að auðvelda sveitarstjórnarmönnum að vera fjarverandi úr sveitarfélaginu eða taka þátt í sveitarstjórnarstörfum frá öðrum löndum, svo dæmi séu tekin.
17. gr. Greinina mátti skilja þannig að aðeins tengdir aðilar væru vanhæfir ekki hann sjálfur, eða þeir aðilar sem hann er í fyrirsvari/með umboð fyrir. Greinin því gerð fyllri, til samræmis við 20. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 3. gr. stjórnsýslulaga.
18. gr. Skýrt tekið fram að bæjarfulltrúi boði varamann sinn, eins og hefðin er.
19. gr. Töluvert tekið út vegna boðunar varamanna, sem tiltekið er í 18. gr. og því aðeins vísað til 18. gr. í þessu sambandi.
20. gr. Tekið út að bæjarfulltrúi hafi rétt á að bóka athugasemd og að skjóta megi úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp til bæjarstjórnar. Tvítekning. Vísað almennt til 16. gr. samþykktarinnar, þar sem þessi réttur og regla er tekin fram.
21. gr. Framkvæmdin gerð skýrari um að vilji bæjarfulltrúi nýta sér réttinn skv. 28. gr. skuli hann snúa sér til bæjarstjóra eða staðgengils hans, í hans fjarveru.
- Jafnframt lagt til að 2. ml. 3. mgr. 21. gr. verði felld út („Ákvæði þetta takmarkar þó eigi rétt bæjarfulltrúa sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar og 28. gr. sveitarstjórnarlaga.“), enda kveður 3. mgr. 28. gr. á um að í samþykktum sveitarfélagsins skuli mæla fyrir um fyrirkomulag og framkvæmd aðgangs að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins og rétt til að fá afhent afrit gagna, sbr. ofangreint.

24. gr. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal aðalmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls boða varamann og tilkynni það bæjarstjóra.

Í núverandi samþykktum er orðalagið „skal“, en ef horft er til sveitarstjórnarlaga verður að teljast óheimilt að nota orðalagið „má“ eða „heimilt“.

Þegar vinna hófst við endurskoðun á samþykktum sveitarfélagsins leitaði fyrrum bæjarritari til Sambands íslenskra sveitarfélaga með þá skyldu sem fram kemur í 31. gr. sveitarstjórnarlaga að aðalmaður skuli boða varamann til meðferðar máls sem aðalmaður er vanhæfur til að fjalla um og fékk hún afrit af svari sambandsins til annars sveitarfélags:

Til að svara þessari spurningu þarf að skoða samspil milli 17. gr. og 31. gr. sveitarstjórnarlaga en þær fjalla um ályktunarhæfi og boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti á viðkomandi fundi á ný. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að tryggja þeim sem þarf að vikja sæti vegna vanhæfis tiltekin réttindi til að leggja fram kröfu um frestun máls, verði innköllun á varamanni hans ekki við komið að svo stöddu, þannig að ekki raskist pólitísk hlutföll í sveitarstjórn við afgreiðslu viðkomandi máls. Þetta á þó frekar við þegar sveitarstjórn er kjörin listakosningu. Innköllun varamanns snýr því frekar að réttindum aðalmanns en að réttindum varamannsins sem kæmi inn. Aðalmanni er þó heimilt að vikja stuttlega af fundi, án þess að kallaður sé til varamaður, enda sé fjarvera ekki þannig að hún feli í sér brot á mætingaskyldu eða öðrum starfsskyldum kjörins fulltrúa. Getur aðalmaður því vikið stuttlega af fundi vegna vanhæfis án þess að varamaður sé kallaður inn enda er sveitarstjórn ályktunarhæf svo lengi sem meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé á fundi.

Það hefur því tíðkast víða að sveitarstjórnarmenn viki af fundi stuttlega ef þeir eru vanhæfir án þess að varamaður sé kallaður inn og hefur það verið talið samræmast sveitarstjórnarlögum.

Lagt er því til að orðalagið sé óbreytt, um skyldu til boðun varamanns, en leggja verður það í hendur kjörinna fulltrúa hvernig skyldunni er framfylgt.

Orðalagi þó lítilega breytt um framkvæmd við boðun varamanns, sjá umfjöllun um 18. gr.

27. gr. Beiðni kom frá bæjarfulltrúum að breyta þessari grein, þannig að ekki kæmi ekki sú staða upp sem ítrekað kom upp haustið 2018. Lagt er til að eftirfarandi verði bætt við 1. mgr. 27. gr. samþykkt: „Forfallist bæði aðalmaður og varamaður bæjarráðs af sama framboðslista, telst næsti aðili framboðslistans, sem er aðalmaður eða varamaður í bæjarstjórn framboðslistans, í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var, næsti varamaður framboðslistans í bæjarráði.“

1. mgr. 27. gr. er breytt m.t.t. 3. mgr. 36. gr. sveitarstjórnarlaganna sem er svohljóðandi: „Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafultrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.“

Bætt við tveimur málsgreinum í lok ákvæðis. Annars vegar um þóknun til bæjarfulltrúa í bæjarráði, þar sem vísað er í 25. gr. samþykktanna og hins vegar um lausn frá nefndarsetu og endurskipun þar sem vísað er til 42. gr. samþykktanna.

29. gr. Forsætisnefnd var sammála um að lengja þann fyrirvara sem verður að vera á fundarboði bæjarráðs úr hálfum sólarhring í einn sólarhring.

Hér er jafnframt skerpt á ákvæðum 18. gr. samþykktarinnar um að fulltrúi eigi að boða varamann sinn og tilkynna bæjarstjóra um forföll.

30. gr. Bætt inn eftirfarandi ákvæði: „Fundir bæjarráðs skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Um fundi bæjarráðs, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.“

Ákvæði III. kafla samþykktanna, sem fjalla um bæjarstjórnarfundi eiga við um fundi bæjarráðs eftir því sem við á, en III. kafli er ítarlegri en ákvæði IV. kafla.

32. gr. Tekinn út eftirfarandi texti: „Auk verkefna sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar. Bæjarráð tilnefnir fulltrúa í stjórn héraðsskjalasafns og Byggðasafns Vestfjarða. Tilnefningar bæjarráðs eru háðar samþykki bæjarstjórnar.“

Kjaranefnd og starfskjaranefnd eru ekki starfandi lengur. Tilnefningar og kosningar í hinar ýmsu stjórnir og ráð koma fram síðar í samþykktunum.

37. gr. Bætt er við í 2. mgr. ákvæði um að viðauka eigi að leggja fram ef um er að ræða útgjaldaauka við áður samþykktá fjárhagsáætlun.

Tekin út 3. mgr. um að ávallt skuli staðfesta fundargerð umhverfisnefndar í bæjarstjórn. Ekki er um lagaskyldu að ræða, og hafa fundargerðir umhverfis- og framkvæmdanefndar ávallt verið lagðar fram til kynningar, eins og fundargerðir annarra nefnda.

38. gr. Skýrar kveðið á um hvernig nefndarfundir eru skipulagðir og hvenær til þeirra skuli boðað. Einnig er sett fram tillaga um að frestur til að boða sé sá sami og í bæjarráði, þ.e. a.m.k. einn sólarhringur, en ekki hálfur. Ákvæði um framkvæmd við boðun varamanns, og tilkynningu til formanns nefndar og starfsmanns nefndar, sbr. ákvæði 18. gr.

Heimild til að halda fund með síma- eða fjarfundabúnaði í samræmi við 14. gr.

39. gr. Ákvæði 3. mgr. tekið út („Sé fjarfundur haldinn undirrita þeir sem ekki voru staddir á fundinum fundargerð á næsta fundi eða á bæjarskrifstofu“), en um endurtekningar er að ræða, sbr. breytingar í 38. gr. sem gerðar voru með hliðsjón af 14. gr.

47. gr. 4. tl. 1. mgr. 47. gr. breytt á þann hátt að „félagsmálanefnd“ verði „velferðarnefnd“. Þá verður eitt af verkefnum nefndarinnar að annast húsnæðismál samkvæmt lögum húsnæðismál nr. 44/1998, en tilgangur þeirra laga er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Málefni þetta tilheyrði áður atvinnu- og menningarmálanefnd.

Aðrar breytingar á nefndinni eru þær að vegna tilkomu þjónustu við Súðavíkurhrepp, samnings Ísafjarðarbæjar við Súðavíkurhrepp, um sérfræðiráðgjöf, vinnslu mála og stjórnun í félagsþjónustu, dags. 29. júní 2020, skal Súðavíkurhreppur tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndina, með málfrelsi og tillögurétt.

Tvö verkefni eru felld út úr verkefnalýsingu; yfirstjórn Hlífar og að formaður nefndarinnar/sá sem nefndin tilnefnir er jafnframt í þjónustuhópi aldraðra í heilsugæsluumdæminu, þar sem þessi verkefni eru ekki til staðar nú hjá nefndinni.

5. tl. 1. mgr. 47. gr. breytt á þann hátt að heiti atvinnu- og menningarmálanefndar verður nú menningarmálanefnd. Verkefnum nefndarinnar breytt til samræmis, en atvinnumálum sveitarfélagsins hefur að mestu verið úthýst til Vestfjarðastofu. Þá er málefnum húsnæðisnefndar, skv. lögum um málefni húsnæðisnefndar skv. lögum nr. 44/1998, færð til velferðarnefndar. Sérstaklega er tiltekið að nefndin fjalli um málefni héraðsskjalasafns, samkvæmt lögum nr. 77/2014.

6. tl. 1. mgr. 47. gr. breytt á þann hátt að skipulags- og mannvirkjanefnd er sameinuð umhverfis- og framkvæmdanefnd, og myndi ný nefnd heita skipulags- og umhverfisnefnd. Lagt er til af sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs að sameina skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd. Umhverfis- og framkvæmdanefnd fundar um mánaðarlega, og er málafjöldi um 1-6 mál á fundi (miðað við árin 2019-2020). Skipulags- og

mannvirkjanefnd funda að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði og eru um 6-15 mál á dagskrá. Með sameinuðum nefndum yrði fundað um öll mál á umhverfis- og eignasviði tvisvar í mánuði, og umhverfismál myndu þá ekki þurfa að bíða lengri tíma til afgreiðslu. Þá eru mörg þessara mála sem samvinnast, s.s. skipulag og umhverfi, enda kallast þessir málaflokkar mikið á. Þá myndi einn og sami starfsmaðurinn sinna sameinaðri nefnd, og flæði verða betra á málarekstri. Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi yrðu starfsmenn nefndarinnar.

Nefndinni yrði jafnframt falin fullnaðarafgreiðsla deiliskipulagsáætlana og breytinga á þeim, úthlutun lóða sem hafa verið auglýstar og útgáfa framkvæmdaleyfa. Þetta er í samræmi við 6. gr. skipulagslaga og 42. gr. stjórnsýslulaga. Enn fremur er bætt við setningunni „Einnig fer nefndin með fullnaðarákvörðun um matsskyldu umhverfisáhrifa framkvæmdar þegar sveitarfélag er sjálft framkvæmdaraðili“ í samræmi við breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tölvupóst Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 2. desember sl. (mál nr. 2019120025)

Þá eru verkefni sem varða umferðarnefnd eru felld út, enda er nefnd þessi ekki til í núgildandi, nýjum umferðarlögum. Þá hafa lög um landgræðslu verið uppfærð og eru nú nr. 155/2018, svo og náttúruverndarlög sem eru nú nr. 60/2013.

7. tl. 1. mgr. 47. gr. – Hafnarstjórn verður að 7. tl. í stað 8. áður.

8. tl. 1. mgr. 47. gr. – Kjörstjórnir verður að 8. tl. í stað 9. áður. Einnig bætt við eftirfarandi ákvæði „Undirkjörstjórnir skulu jafnframt kosnar af bæjarstjórn.“

9. tl. 1. mgr. 47. gr. – Fjallskilanefnd verður að 9. tl. í stað 10. áður.

2. tl. 2. mgr. 47. gr. – breyting á orðalagi vegna nýs skipunarbréfs almannavarnarnefndar dags. 27. febrúar 2020.

4. tl. 2. mgr. 47. gr. – nýtt ákvæði um Byggðasamlag Vestfjarða.

4. tl. 3. mgr. 47. gr. – nýtt ákvæði um stjórn Tónlistarskóla Ísafjarðar, Skólanefnd.

5. tl. 3. mgr. 47. gr. – nýtt ákvæði um stjórn Minjasjóðs Öndarfjarðar.

6. tl. 3. mgr. 47. gr. – nýtt ákvæði um stjórn Blábankans á Þingeyri.

4. mgr. 47. gr. um hverfisráð – orðalag lagfært, s.s. um heiti hverfisráða, og að fundargerðir skulu lagðar fram til kynningar fyrir bæjarráð, og birtar á vefsíðu sveitarfélagsins.

49. gr. Tvítekningar teknar út.

62. gr. Síðasta samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar var nr. 535/2014, auk breytinga síðustu ár. Þetta uppfært.

Almennt í gegnum samþykktirnar:

- Bæjarstjórnarmaður breytt í bæjarfulltrúi

Lagt er til að erindisbréf nefnda verði uppfærð til samræmis við samþykktar breytingar.